

Fréttatilkynning 3. apríl 2009:

Stoðir óska eftir heimild til að leita nauðasamninga við lánardrottna

Stoðir hafa óskað eftir heimild Héraðsdóms Reykjavíkur til að leita nauðasamninga við kröfuhafa sína. Lánardrottnar félagsins, sem fara með 86% af fjárhæð krafna á hendur féluginu, styðja að Stoðir vinni áfram að fjárhagslegri endurskipulagningu sem meðal annars felur í sér að féluginu verði veitt heimild til að leita nauðasamninga. Gert er ráð fyrir núverandi hlutafé félagsins verði afskrifað að öllu leyti og kröfuhafar félagsins verði eigendur alls hlutafjár í Stoðum.

Stoðir hafa verið í greiðslustöðvun síðastliðna sex mánuði, síðan stærsta eign félugins, 32% eignarhlutur í Glitni að verðmæti 75 milljarða króna, varð verðlaus. Eignir Stoða eru nú metnar á um 70-80 milljarða króna og hafa lækkað um u.p.b. 160 milljarða króna sl. sex mánuði. Skuldir Stoða eru nú áætlaðar um 287 milljarðar króna og hafa hækkað um 55 milljarða króna síðastliðið hálftrár ár, vegna gengisbreytinga og áfallinna vaxta. Verðmæti eigna Stoða er því nú talið nema um 25-30% af andvirði skulda.

Í byrjun febrúar 2009 var myndað svokallað kröfuhafaráð Stoða sem hefur, ásamt stjórn og starfsmönnum Stoða, unnið að málefnum félagsins með hagsmuni lánardrottna að leiðarljósi. Í kröfuhafaráðinu sitja fulltrúar stærstu kröfuhafa félagsins, þ.e. fulltrúar frá Nýja Kaupþingi, Gamla Glitni, Landsbanka NBI, fulltrúi erlendra lánveitanda að sambankaláni og fulltrúi ótryggðra kröfuhafa.

Stjórnendur Stoða, stjórn og kröfuhafaráð félagsins telja að gjaldþrot þjóni ekki hagsmunum lánardrottna Stoða. Kæmi til gjaldþrots myndi rekstur félaga í eigu Stoða komast í uppnám og lægra verð fengist fyrir eignir félagsins en langtímaáætlunar gera ráð fyrir. Stjórnendur Stoða hafa, í náinni samvinnu við kröfuhafaráðið, samið drög að áætlun um endurskipulagningu fjárhags félagsins. Grundvallaratriði endurskipulagningarinnar eru að núverandi hlutafé verður afskrifað að öllu leyti og kröfuhafar félagsins munu eignast allt hlutafé í féluginu.

Fyrirhugaðir nauðasamningar við ótryggða kröfuhafa eru hluti af stærra ferli með þátttöku tryggðra kröfuhafa, sem eiga veð í eignum Stoða. Gert er ráð fyrir að tryggðir kröfuhafar muni skuldbreyta veðtryggðum kröfum sínum á hendur féluginu og fá þær greiddar að hluta með veðtryggðu skuldbréfi og að hluta til með hlutafé í sérstökum hlutaflokki sem nýtur forgangs til arðs gagnvart almennum hlutaflokki. Í frumvarpi að nauðasamningi er lagt til að allir kröfuhafar, tryggðir sem ótryggðir, fái allt að einni milljón króna greidda. Þannig munu eigendur krafna undir einni milljón króna fá kröfur sínar greiddar að fullu. Samkvæmt frumvarpinu munu ótryggðir kröfuhafar, sem eiga hærri kröfur en eina milljón, fá 5% af eftirstöðvum kröfu sinnar greidda með hlutafé í almennum flokki í Stoðum.

Frumvarp að nauðasamningi og heildarendurskipulagning á fjárhag félagsins miðar við að Stoðir geti haldið áfram rekstri án vandkvæða næstu ár og lendi ekki í greiðsluvanda. Þannig geti félagið sinnt eignum sínum og unnið að því að auka verðmæti þeirra, til hagsbóta fyrir kröfuhafa. Helstu eignir Stoða eru 99% eignarhlutur í TM og 49% eignarhlutur í Fresco en Stoðir eiga einnig hagsmuni í félögum á borð við Landic Property, Bayrock og Iceland Foods. Á skrifstofu Stoða í Hátúni 2b starfa nú sjö manns.

Frekari upplýsingar:

Stoðir
Július Þorfinnsson
Sími 591 4400
Netfang: julius@stodir.is